

Með því að jeg verð að fallast á framantaldar ástæður, skal áðurgreindur úrskurður bæjarstjórnarinnar á Akureyri standa óhaggaður. 12
25. febr.

Þetta er yður, herra amtmaður, þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórn Akureyrar og kær-
andanum.

Brjef landshöfðinga til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um samning verðlags- 13
skráa. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, og 23. febr.
þjer, herra biskup, skýrt frá því, að sýslumenn hafi lagt mjög sundurleitan skilning í 2. gr. laga 6. nóvbr. 1897, um undirbúning verðlagsskráa, þar sem svo er ákveðið, að sýslumaður semji eptir verðlagsskýrslum þeim, er hann með-
tekur frá hreppum og kaupstöðum, aðalskýrslu fyrir sitt hjerað, sem hann því næst sendi stiptsyfirvöldunum, en þau skuli staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert hjerað og annast um prentun hennar og birting. Hafi sumir sýslumennirnir sent yður til rannsóknar og staðfestingar fulltilbúnar verðlagsskrár fyrir sitt hjerað, en aðrir aptur á móti verðlagsskýrslur, svo að þjer hafið orðið að semja verðlagsskrárnar, sem þessvegna koma fram í þetta skipti sem samdar af yður, eins og að undanfögnu, enda hafi sýslumenn yfir höfuð og þá einnig þeir, sem samið hafi fullkomnar verðlagsskrár, eigi farið eptir fyrirmælunum í síðasta staflið fyrnefndrar lagagreinar. Hafið þjer tekið það fram, að þjer sjeuð þeirrar sköðunar, að skilja beri áðurgreind fyrirmæli laganna um tilbúning verðlags-
skráa svo, að sýslumenn eigi að semja og senda stiptsyfirvöldunum tilbúnar verðlagsskrár og að þau svo eigi að gagnskoda þær og staðfesta, eptir að þau hafi leiðrjett skrárnar, ef þörf er á, og jafnframt, með því að hinn umræddi lagastáður sje eigi ótvíræður, skotið til mín að segja fyrir um rjettan skilning á optnefndri lagagrein öllum hlutadeigendum til leiðbeiningar eptirleidis.

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er yður samdóma um það, að sýslumönnum beri samkvæmt optnefndri lagagrein, að semja verðlagsskrá, hverjum fyrir sitt hjerað, en stiptsyfirvöldunum að eins að staðfesta hana með þeim leiðrjettingum, sem þörf kann á að vera.

Samkvæmt ósk yðar hefi jeg gjört ráðstöfun til þess að prentuð verði eyðublöð undir verðlagsskýrslur kaupstæða og hreppa, og munu yður á síðan verða afhent þau.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um ne tun á leyfi til að 14
halda lotterí. — Í erindi, er hingað hefir borizt beina leið, hefir Þorsteinn Egils- 24. febr.
son fyrir hönd sjómannafljaglsins »Bárunnar« beiðzt leyfis til að halda lotterí á þessu ári innan nóvbr. loka »til eflingar fyrir húsbýggingu« handa fljaginu.

14 Með því að í erindi þessu er hvorki talað um það, hverja muni eigi að
 24. febr. halda lotterí um, nje hve marga sedla skuli gefa út og hve dýrt þeir skuli seld-
 ir, getur hið umrædda leyfi eigi orðið veitt.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð þjónustusamlega til vítundar
 gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að jeg
 eptir því sem nú er ástatt eigi mundi hafa veitt hið umbeðna leyfi, þótt beiðnin
 um það hefði verið betur útbúin.

15
 27. febr.

Samþykkt

um afnám fiskiveiðasamþykktar.

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir með lögákveðinni hlut-
 deild bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, samkvæmt lögum 14. des. 1877 um ým-
 isleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. des. 1886 um
 breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

SAMÞYKKT

um afnám samþykktar um þorskanetalagnir í sunnanverðum Faxaflóa.

Samþykkt um þorskanetalagnir í sunnanverðum Faxaflóa, dags. 17. febr.
 1897, skal hjermeð úr gildi numin.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess
 hún öðlist gildi þann dag, þegar 7 dagar eru liðnir frá þeim degi, er það tölu-
 blað kemur út af Stjórnartíðindum B., er samþykktin birtist í.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 27. febr. 1899.

J. Havsteen.